

- 93 Seyðisfjarðarvegi
- 92 Norðfjarðarvegi
- 96 Suðurfjarðavegi.

Auk þess gildir undanþágan á eftirtöldum götum í *Reykjavík*:
Sægörðum, Kleppsmýrarvegi, Skútuvogi, Grandagarði og Faxagötu.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgar-ráðs hefur verið ákveðið bann við lagningu ökutækja austanmegin Skólabæjar.
Auglýsing þessi tekur gildi 2. nóvember 2001.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. október 2001.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Breiðdalshrepp, kt. 480169-0779 til að reka *sorpurðunarstað á Heydalamelum, Breiðdalshreppi*. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 27. júlí 2004.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Ingólf Sveinsson, kt. 090447-2629 til að reka *sorpurðunarstað í landi Syðri-Kárastaða, Húnaþingi vestra*. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. desember 2003.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sementverksmiðjuna hf. á Akra-nesi*. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustu-hætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. ágúst 2008.

Hollustuvernd ríkisins, 16. ágúst 2001.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.